

N. L. 1—7—1 cfr. tilskip. 3. júní 1796, 24. gr., en þar eð það eigi er gjört, ber að dæma undir-  
rjettardóminn ómerkan.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvik-  
um eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði undirrjettardómur í máli þessu  
á að vera ómerkur. Málskostnaður fyrir yfir-  
dómi falli niður.

Mánudaginn 30. októbermán.

Nr. 12/1882

Sigfús Pjetursson  
gegn

Stefáni Hafliðasyni

#### Dómur:

Með úrskurði, sem kveðinn var upp fyrir fógeta-  
rjetti Skagafjarðarsýslu 5. dag júnímán. þ. á., var  
áfrýjanda þessa máls Sigfúsi bónda Pjeturssyni á  
Hellulandi í tjeðri sýslu neitað um að fá framgengt  
útburðargjörð yfir Stefáni bónda Hafliðasyni á  
Egilsholti til að rýma ný nefnda jörð í fardögum  
þ. á. Þessum fógetaúrskurði hefur Sigfús Pjeturs-  
son skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 27.  
júnímán. næstl., og er í stefnunni krafizt, að hinn  
áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, og krafa  
hans um, að fógetagjörðin nái fram að ganga, tek-  
in til greina, svo hefur hann og krafizt, að hinn  
stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostn-  
að. En í sókn hans er rjettarkrafa hans orðuð  
þannig, að hinn áfrýjaði úrskurður verði með öllu

úr gildi felldur, og Stefán bóndi Hafliðason dæmdur til að víkja tafarlaust burt af ábýlisjörð sinni Egilsholti, og hin umbeðna fógetagjörð framkvæmd, ef hann vill eigi góðfúslega víkja burt af jörðunni, og að han verði dæmdur til að greiða sjer allan málskostnað með 100 krónum eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að málinu verði að nokkru eða öllu leyti vísað frá yfirdóminum, og að honum verði dæmt kostur og tæring með 100 krónum eða einhverju nægilegu, eða, ef þessi krafa ekki verður tekin til greina, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði staðfestur, og að Sigfús Pjetursson verði dæmdur til að greiða honum málskostnað með 100 krónum, eða einhverju nægilegu, svo hann verði skaðlaus.

Frávísunarkröfu sína hefur hinn stefndi byggt á því, að krafa áfrýjanda, eins og hún er orðuð í sóknarskjalinu, sje önnur en sú, sem kemur fram í stefnunni. Þótt nú yfirdómurinn, að því þetta snertir, geti verið hinum stefnda samdóma um, að krafa áfrýjanda eins og hún er orðuð í stefnunni, ekki er orði til orðs samhljóða kröfu hans í sóknarskjalinu, þá er munurinn svo lítill og óverulegur, að engin ástæða þykir til fyrir þá sök að vísa málinu í heild sinni frá dómi, því öll málsfærsla áfrýjanda lýtur eindregið að því að fá hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi felldan, og dóm fyrir því, að útburðargjörðina beri að framkvæma. En að því leyti sem áfrýjandinn í sóknarskjali sínu hefur krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur til að víkja frá jörðunni, vísast málinu frá yfirdómi.

Að því snertir málfefnið sjálft eru málavextir þannig, að Ari heitinn Arason á Flugumýri bygði hinum stefnda jörðina Egilsholt fyrir eitt ár með byggingarbrjefi dagsettu 18. apríl 1871. Í 5. gr. byggingarbrjefs þessa er áskilið, að hinn stefndi falaði jörðina ár hvert fyrir jólaföstu, ef hann vildi sitja hana næsta ár, og í 6. grein þess er áskilið, að hann víki góðmótlega af jörðunni, ef landsdrottnei annaðhvort ekki líki ábúðin eða önnur efning byggingarskilmálanna, eða að hann neyðist til að óska burtfarar Stefáns frá jörðunni í næstu fardögum eptir að hann hefur gjört honum aðvart um það fyrir jól. Í útbyggingarskjalinu, sem er dagsett 19. nóvembermán. 1881, er svo að orði komizt, að þareð Sigfúsi Pjeturssyni sje lofuð ábúð á Egilsholti í fardögum 1882—nokkru eptir keypti hann jörðina—þá sje Stefáni óheimiluð jörðin o. sv. frv. Með því nú yfirdómurinn verður að álita, að ein af ástæðum þeim, er varða skyldi útbyggingu fyrir hinn stefnda, og sem nefndar eru í 6. grein byggingarbrjefsins, liggi fyrir, og að honum því hafi borið skylda til að víkja frá jörðunni í fardögum 1882, þá ber að dæma hinn áfrýjaða fógetaúrskurð ógildan og að skylda fógétann til að framkvæma hina heimtuðu útburðargjörð þegar áfrýjandinn krefst þess.

Eptir þessum úrslitum málsins ber hinum stefnda að greiða áfrýjanda allan málskostnað, sem þykir hæfilega metinn 50 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður skal ó-

gildur og ber fúgetanum að framkvæma hina heimtuðu útburðargjörð, þegar áfrýjandi krefst þess. Að öðru leyti frávisast málinu. Hinn stefndi, Stefán Hafliðason, greiði áfrýjanda, Sigfúsi Pjeturssyni, í málskostnað 50 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. nóvembermán.

Nr. 17/ 1882

Hið opinbera

gegn

Einari Guðmundssyni.

Dómur:

Með brjefi, dagsettu 7. nóvembermán. f. á., skipaði ráðherra Íslands svo fyrir, að höfða skyldi opinbert lögreglumál á hendur Einari bónda Guðmundssyni á Hraunum í Fljótum fyrir brot gegn fyrir-mælum þeim, er gilda um fiskiveiðar í landhelgi, og samkvæmt því var mál það, er hjer er áfrýjað til yfirdómsins, höfðað fyrir lögreglurjetti Skagafjardarsýslu gegn tjeðum Einari Guðmundssyni, en með dómi, kveðnum upp fyrir nefndum rjetti 20. júlímán. þ. á., er hann dæmdur sýkn af ákæru hinnar opinberu lögreglu í málinu.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skilríkjum er það sannað, að hann 15. júní f. á. hafi gjört svofelldan samning við Rasmus Ose, skipstjóra á norsku slúppskipi „Hillen“, að hinn ákærði tæki nefnt skip með áhöfn þess í sína þjónustu til þorskveiða hjer við land það sumar þannig, að þorsk-